

Borgarstjórn Reykjavíkur **2. desember 2014**

Breytingartillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks við frumvarp við fjárhagsáætlun 2015:

D-01:

Lagt er til að framlög til hráefniskaupa í mötuneytum leikskóla verði ekki skert frá því sem nú er heldur hækki um 3,4% eða um kr. 16.320.000. Ætlaður ágóði vegna örútboða og samræmdra matseðla verði nýttur til hráefniskaupa með það að markmiði að auka gæði og tryggja að matur í leikskólum fullnægi opinberum mannelðismarkmiðum.

D-02:

Lagt er til að 70 milljóna króna framlag verði veitt til framkvæmda við frjálsíþróttavöll Íþróttafélags Reykjavíkur við Skógarsel í samræmi við samning félagsins og Reykjavíkurborgar frá 20. febrúar 2014.

D-03:

Lagt er til að 190 milljón króna framlag verði veitt til framkvæmda vegna viðbyggingar við Breiðholtsskóla og endurbóta á eldra húsnæði skólans.

D-04:

Tillaga um að afnema fjárhagslegan hvata til að velja leikskóla fram yfir dagforeldra. Dagforeldrar eru mikilvægur hlekkur í þjónustu við barnafjölskyldur en stefna borgarinnar undanfarið kjörtímabil hefur hins vegar verið á þann veg að foreldrum er stýrt frá dagforeldrum og inn á leikskólana með gjaldskrár borgarinnar. Þetta er gert þrátt fyrir að þjónusta dagforeldra sé mun ódýrara úrræði en það að reka leikskóla. Fjárhagslegur hvati er því fyrir fjölskyldur yngstu barnanna að velja dýrasta úrræðið. Mjög mikill munur er á niðurgreiðslum með hverju barni eftir því hvar þjónustan er sótt. Með hverju barni á ungbarnaleikskóla er greitt 110 þús. – 140 þúsund og fer eftir aldri barnsins, með hverju barni á almennum leikskóla er greitt um 165 þúsund, en með hverju barni sem dvelur hjá dagforeldri er greiðslan 46 þúsund kr. Lagt er til að greiðslur vegna barna hjá dagforeldrum verði hækkaðar þannig að fjárhagur stýri ekki vali fjölskyldna hvað dagvistun varðar. Kostnaður borgarinnar verður óverulegur þar sem mjög mun sparast ef fleiri velja þjónustu dagforeldra.

D-05:

Tillaga um sveigjanleika í þjónustu vegna þrifa - 10 milljónir árið 2015.

Tilraun verði gerð með sveigjanlegri þjónustu velferðarsviðs vegna þrifa. Ef fólk vill sækja þrif annað en til velferðarsviðs skal gera því það kleift. Samningar verði með þeim hætti að greitt verði fyrir þær klukkustundir sem viðkomandi fékk metið að á þyrfti að halda hjá sviðinu. Greitt verði fyrir þær klukkustundir sem viðkomandi er í þörf fyrir samkvæmt mati sviðsins. Reiknað verði tímagjald á klukkustund út frá þeim kostnaði sem sviðið ber vegna sömu þjónustu. Þó aldrei lægra tímagjald en reiknað hefur verið vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar samanber handbók velferðarráðuneytisins. Fylgst verði með ánægju fólks með þjónustuna fyrir og eftir.

D-06:

Tillaga um sveigjanleika í heimaþjónustu - 10 milljónir árið 2015

Tilraun verði gerð með sveigjanlegri þjónustu vegna heimaþjónustu. Ef fólk vill frekar leita annað en til velferðarsviðs vegna heimaþjónustu skal gera því það kleift. Greitt verði fyrir þær klukkustundir sem viðkomandi er í þörf fyrir samkvæmt mati sviðsins. Reiknað verði tímagjald á klukkustund út frá þeim kostnaði sem sviðið ber vegna sömu þjónustu. Þó aldrei

lægra tímagjald en reiknað hefur verið vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar samanber handbók velferðarráðuneytisins. Sjálfstæður utanaðkomandi aðili meti ánægju fólks með þjónustuna fyrir og eftir.

D-07:

Tillaga um að fötluð ungmenni fái undanþágu tímabundið frá 6. grein húsaleigubótalaga - 2 milljónir árið 2015.

A meðan fjöldi fatlaðra er á biðlistum eftir húsnæði, og húsnæði í Reykjavík er af skornum skammti, er brýnt að leita allra leiða til að lágmarka vandann. Lagt er til að skoðað verði hvort ástæða sé til að veita fötluðum ungmennum sem hafa tækifæri til sjálfstæðrar búsetu í húsnæði í eigu skyldmenna undanþágu frá 6. grein húsaleigubótalaga. Þau geti því stofnað heimili og notið húsaleigubóta í skjóli skyldmenna í stað þess að girt sé fyrir rétt þeirra til bóta.

D-08:

Tillaga um aukna vitund um velferðarþjónustu í borginni óháð rekstraraðila - 15 milljónir árið 2015.

Lagt er til að boðið verði út verkefnið „Velferðartorg“. Markmiðið er að kynna fyrir íbúum hvaða velferðarþjónusta býðst í borginni. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg stuðli að því að allir geti fundið sér þjónustu við hæfi óháð rekstraraðila. Haldin verði hugmyndasamkeppni um hvernig hægt væri að byggja upp sjálfbært rafrænt markaðstorg þar sem unnið verði með velferðarþemað. Hvernig tengjum við þjónustu við þjónustuþörf, hvernig auðveldum við fólki að nálgast þjónustuaðila, hvernig auðveldum við fólki að velja þjónustuaðila og hvernig aðstoðum við fólk við að leita sér hjálpar sem fyrst.

D-09:

Tillaga um innleiðingu nýsköpunarumhverfis í velferðarþjónustu - 20 milljónir.

Nýsköpun er háð því að stjórnendur og starfsmenn hafi frelsi og getu til að prófa nýjar hugmyndir og leiðir til að nálgast verkefni sín. Starfsumhverfið, viðhorf og menning innan fyrirtækjanna geta þar skipt sköpum. Nauðsynlegt er að rekstrarumhverfi mismunandi eininga innan velferðarsviðs verði tekið til sérstakrar skoðunar hvað þetta varðar. Fjárfest verði í úttekt á nýsköpunarumhverfi mismunandi eininga. Úttektin verði gerð að utanaðkomandi aðilum. Horft verði til þess hvort umhverfið gefi nægt rými til nýsköpunar, hvetji til jákvæðra samskipta, frumkvæði og lausnamiðaðri hugsun. Skilgreindir verði styrkleikar og veikleikar mismunandi eininga. Úttektin nái til allra hlutaðeigenda, stjórnenda, starfsmanna, notenda og hagsmunaaðila. Niðurstöður úttektarinnar verði notaðar sem grunnur að nauðsynlegum umbótum og breytingum.

D-10:

Tillaga um rafræn samskipti til að draga úr heimsóknarþörf í velferðarþjónustu - 3 milljónir.

Talið er að um 20% íbúa í Reykjavík þurfi á þjónustu velferðarsviðs að halda. Stór hluti þessarar þjónustu felst í heimsóknnum til notenda og þýðir að starfsmaður gerir sér ferð heim til viðkomandi. Heimþjónusta, heimahjúkrun og frekari liðveisla nýtast til sinna fólki sem þarf aðstoð heim. Í langflestum tilfellum eru innlitin nauðsynleg. Mikilvægt er hins vegar að skoða hvort tækifæri eru í að auka notkun annarra samskiptalausna til að draga úr þörf á heimsóknnum. Ef að hægt er að nýta rafræn samtöl sem gera starfsmanni kleift að sjá viðkomandi, og meta ástand og aðstæður til að leiðbeina og veita ráðgjöf, má auka öryggi þess sem þjónustuna þarf og bæta þjónustu án þess að fjölga ferðum. Lagt er til að gerð verði úttekt af utanaðkomandi aðilum þar sem metið er hvaða tækifæri felast í að taka upp rafræna samskiptatækni milli starfsmanna og viðskiptavina.

D-11:

Tillaga um velferðartæknilausnir í heimþjónustu, heimahjúkrun og öldrunarþjónustu - kostnaður 5 milljónir

Lagt er til að gerð verði greining á því hvaða velferðartæknilausnir gætu nýst til að aðstoða fólk heima fyrir og auka þannig svigrúm starfsmanna til að sinna fleira fólki. Utanaðkomandi aðili framkvæmi greininguna. Horft verði til Danmerkur sem er leiðandi í velferðartækni.

Dæmi um tæknilega hluti sem notaðir hafa verið þar eru samskiptatæki ýmiskonar, tölvustýrð heimilistæki s.s. ryksugu-róbótar og sjálfhreinsandi salerni. Rafrænir plástrar þykja einnig lofa góðu, en þeir geta auðveldað hjúkrunarfólki sem annast sjúklinga heim að gera sér grein fyrir ástandi sjúklinga. Rafrænir lyklar og alls kyns hjálpartæki önnurgeta einnig gert fólk kleift að vera heima lengur. Reykjavíkurborg þarf að beita sér fyrir því að þessar lausnir ryðji sér til rúms og verði aðgengilegar borgurum eftir því sem þörf krefur.

D-12:

Tillaga um aukna virkni og þátttöku - Sparnaður 1 milljarður á næstu 4 árum

Fólki á fjárhagsaðstoð hefur fjölgað gríðarlega og fjölgar enn. Mikilvægt er að endurskoða fjárhagsaðstoðarferlið sem nú er til staðar í því skyni að auka þátttöku og virkni. Þannig má aðstoða fólk að komast til sjálfshjálpar. Með auknum skyldum einstaklinga til að taka virkan þátt er ljóst að hægt er að taka mun betur á vandanum.

D-13:

Lagt er til að framlög til hráefniskaupa í mótuneytum grunnskóla verði ekki skert frá því sem nú er heldur hækki um 3,4% eða um kr. 23.790.820. Ætlaður ágóði vegna örútboða og samræmdra matseðla verði nýttur til hráefniskaupa með það að markmiði að auka gæði og tryggja að matur í grunnskólum fullnægi opinberum manneldismarkmiðum.

D-14:

Lagt er til að veittur verði 10 milljóna króna styrkur til KFUM og -K til að unnt verði að ljúka byggingu svefnskála í Vatnaskógi. Framkvæmdir hófust 2007 og hefur Reykjavíkurborg þegar veitt styrk til verksins en vegna áfalla í efnahagslífi hafa aðrar leiðir við fjármögnun þess að töluverðu leyti brugðist. Verkið er þó vel á veg komið en umtalsverð vinna eftir innanhúss. Hinn nýi skáli mun fullnægja öllum kröfum eldvarna- og heilbrigðiseftirlits en eldra húsnæði er ábótavant hvað slíkar kröfur varðar. Á hverju ári dvelja þúsundir barna og ungmenna í Vatnaskógi og taka þátt í uppbyggilegu æskulýðsstarfi.

D-15:

Lagt er til að framlag til Kirkjubýggingarsjóðs verði hækkað um kr. 8.782.500 og nemi því 20.492.500 kr. í fjárhagsáætlun ársins 2015.

Greinargerð með tillögum um fjárfestingar í velferð.

Nauðsynlegt er að fjárfesta í nýsköpun, tækni og rannsóknum í velferðarmálum. Velferðarþjónustan í Reykjavík stendur á tímamótum. Fyrirkomulag þjónustunnar eins og hún er í dag mun ekki mæta þörfum íbúa inn í næstu framtíð. Mikilvægt er að hefja óumflýjanlegt breytingaferli þjónustunnar og hefja greiningarvinnu, gera tilraunaverkefni og flýta fyrir innleiðingu tæknilausna.